

AUGLÝSING

um deiliskipulag iðnaðarsvæðis að Höfða, Húsavík.

Á fundi bæjarstjórnar Húsavíkur þann 21. desember 1999 var samþykkt deiliskipulag iðnaðarsvæðis að Höfða, Húsavík. Skipulagssvæðið er nokkuð flatt svæði á suðvestanverðum Húsavíkurhöfða. Það afmarkast af grasi gróinni brekku að norðan, talsvert brattri brekku að Höfðavegi að austan, Laugarbrekku (leið niður á hafnargarð) að sunnan og sjávarhömrum að vestan. Svæðið er um 8,5 ha að stærð ef reiknað er að markalínum skipulagssvæðis. Á svæðinu eru ýmis konar iðnaðarlóðir, svo og lóðir undir olúgeyma og sitthvað fleira. Svæðið er að miklu leyti byggt en nokkrum lóðum hefur verið bætt við það.

Tillagan, uppdráttur og greinargerð, voru til sýnis á skrifstofu Húsavíkurkaupstaðar, Ketilsbraut 9, frá og með 22. október til 22. nóvember 1999. Engar athugasemdir bárust. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Byggingarfulltrúi Þingeyinga, 25. janúar 2000.

Gaukur Hjartarson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 436/1998, um vörugjald.

1. gr.

Í stað orðanna „að jafnaði vera 12 mánuðir í senn“ í 1. mgr. 18. gr. kemur: vera að hámarki 24 mánuðir í senn.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. 13. gr., sbr. 8. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Fjármálaráðuneytinu, 18. janúar 2000.

Geir H. Haarde.

Árni Kolbeinsson.